



Borgarráð

Fornhagi 1 – Kaup á færanlegri kennslustofu við Hagaskóla

Óskað er eftir að borgarráð veiti heimild til að ganga frá kaupum á 1 færanlegri kennslustofu auk salernis alls um 75 m² fyrir Hagaskóla.

Greinargerð:

Stofan var pöntuð í kjölfar mikilla viðhaldsframkvæmda sem nauðsynlegt var að ráðsat í og ljóst að stór hluti starfsemi skólans yrði að fara fram á öðrum stað en við Fornhaga 1. Til að hægt væri að halda kennslu fyrir einn heilan árgang í Hagaskóla var nauðsynlegt að setja niður eina stofu til að tryggja eðlilega starfsemi fyrir einn árgang við Fornhaga 1.

Heildar kaupverð húseininganna sem saman mynda kennslustofuna er kr. 22.885.440 m. vsk. Við kaupverðið bætist kostnaður á vegum Reykjavíkurborgar á jarðvinnu, undirstöðum og lögnum í jörðu, upp á 6,7 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að nota stofuna fyrir aðra skóla borgarinnar þegar framkvæmdum líkur í Hagaskóla. Hægt er að flytja stofuna milli borgarhluta eftir því sem þörf myndast á öðrum stöðum. Gert verður ráð fyrir kaupunum í gildandi fjárhagsáætlun.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að kaupsamningi við Stólpa gámar ehf.
Teikning af stofunni við Hagaskóla.

SAMNINGUR UM KAUP Á FÆRANLEGUM HÚSEININGUM

Undirritaðir aðilar, Stólpi Gámar ehf., kt. 460121-1590, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík, hér eftir nefndur „seljandi“, og **Reykjavíkurborg**, kt. 520269-7609, Borgartún 12-14, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur „kaupandi“, sameiginlega nefndir „aðilar“, gerum með okkur eftirfarandi samning.

1. gr.

Hið selda

Með samningi þessum kaupir seljandi 75 m² af færanlegum húseiningum eins og þær eru settar fram í viðauka 1 við samning þennan.

Húseiningar nr. 022165425, 022165422, 022266829, 022266831 og 022266834 skulu vera samsettar og fullfrágengnar á lóð kaupanda, Hagaskóla, Fornhaga 1, Reykjavík, samkvæmt tæknilýsingu framleiðanda sem sjá má í viðauka 2 við samning þennan.

2. gr.

Kaupverð, greiðslur og afsal

Kaupverð samkvæmt tilboði í október 2022 samtals kr. 22.885.440 með virðisaukaskatti.

- Greitt með peningum/millifærslu að fullu við undirritun kaupsamnings og eigi síðar en 21 degi frá undirskrift, **kr. 22.885.440** sem er heildargreiðsla fyrir húsnæðið.
- Greiðslustaður útborgunar:

Rnr.: 0515-26-39000

Kt.: 460121-1590

Seljandi telst vera raunverulegur eigandi af færanlegum húseiningum þar til allt kaupverð hefur verið greitt.

Kaupandi mun sækja um öll leyfi og greiða þann kostnað sem til fellur vegna þeirra, svo hægt sé að skrá einingarnar í fasteignaskrá og mun seljandi leggja sig fram um að liðka fyrir því ferli utan þess sem skilgreint er í útboðsgögnum.

Seljandi mun brunatryggja einingarnar að fullu þar til kaupverð er að fullu greitt og kaupandi er skráður eigandi.

Kaupandi mun greiða stimpil- og þinglýsingargjöld ásamt öðrum gjöldum sem kunna að falla til vegna skráningar eininganna í Þjóðskrá.

3. gr.

Viðbætur og breytingar frá upphaflegu tilboði

Kaupandi hefur þegar greitt frágang kringum húsið sem seljandi sá um við uppsetningu húseiningarinnar.

4.

Breytingar og aukaverk

Allar breytingar og viðbætur frá samþykktum teikningum og tæknilýsingum frá framleiðanda skulu samþykktar af báðum aðilum og gerður um það sérstakur samningur.

5. gr.

Trúnaður

Aðilar samnings þessa skulu gæta trúnaðar um efni hans, að öðru leyti en því sem þeir koma sér saman um að gera opinbert og þau gögn sem aðilum er skylt að birta lögum samkvæmt.

6. gr.

Önnur ákvæði

Um samning þennan gilda íslensk lög.

Komi til ágreinings aðila á grundvelli þessa samnings skuldbinda þeir sig til að leysa úr með gagnkvæmt tillit og heiðarleika að leiðarljósi. Náist ekki samkomulag með þeim hætti, skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili samningsins halda eftir sínu eintaki.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita fyrirsvarsmenn aðila samnings þessa í votta viðurvist.

Reykjavík, 13. júlí 2023

f.h. Stólpa Gáma ehf.

f.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri dagsetningu
og undirskrift aðila:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

